



## Næst mesti samdráttur frá upphafi mælinga

*Samkvæmt nýbirtum þjóðhagsreikningum dróst hagkerfið saman um 6,6% á síðasta ári.<sup>1</sup> Þetta er næst mesti samdráttur frá seinna stríði, en árið 2009 mældist 7,7% samdráttur.*

Þetta er nokkuð minni samdráttur en við áttum von á, en í nýjustu þjóðhagsspá okkar frá því í október gerðum við ráð fyrir 8,5% samdrætti. Mesti munurinn liggur í að einkaneysla og íbúðafjárfesting var mun sterkari en við gerðum ráð fyrir, en á móti var opinber fjárfesting veikari.


Áhrif Covid-19-faraldursins eru þó meiri en samdrátturinn einn og sér ber með sér, því áður en faraldurinn skall á var útlit fyrir að landsframleiðslan myndi aukast um á bilinu 1-3% árið 2020. Að teknu tilliti til þess má áætla að heildaráhrif faraldursins á landsframleiðsluna séu neikvæð um á bilinu 250 til 300 ma.kr.

### Landsframleiðsla á mann dróst saman um 8,2%


Landsframleiðsla á mann dróst saman um 8,2% að raungildi að teknu tilliti til mannfjöldaaukningar, sem nam 1,7% á árinu 2020. Þetta er mesti samdráttur í landsframleiðslu á mann sem mælt hefur hér á landi frá upphafi mælinga, eða frá árinu 1946.

### Hlutf. ferðaþjónustu í landsframleiðslu svipaður og árið 2010

Hagstofan birti í morgun einnig áætlaða hlutféild ferðaþjónustunnar í landsframleiðslu. Samkvæmt bráðabirgðatölum er áætlað að hlutf. greinarinnar hafi lækkað úr 8% í 3,5% milli ára. Á árunum 2016 til 2019 var hlutféild ferðaþjónustu nokkuð stöðug í um 8% en var í fyrra svipuð og árið 2010, þegar hún mældist 3,4%.



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

<sup>1</sup> Þetta er fyrsta mat Hagstofunnar, næsta endurskoðun verður birt í lok ágúst. Það má búast við að tölurnar breytist eitthvað þá.



## Neyslan fann sér farveg

Einkaneysla var kraftmeiri en reiknað var með. Það skýrist af því að neysla dróst ekki jafn mikið saman í seinni bylgjum faraldursins og þeirri fyrstu. Sóttvarnaaðgerðir voru hertar verulega í haust og voru strangari og lengur við lýði en í fyrstu bylgju faraldursins. Þrátt fyrir það dróst neysla mun minna saman, eða aðeins um 3% milli ára á fjórða ársfjórðungi samanborið við tæp 9% á öðrum ársfjórðungi.

Það er því ljóst að neyslan fann sér farveg þótt ýmis þjónusta hafi verið skert. Ferðlög út fyrir landsteinana voru með minnsta móti og neyslan því í auknum mæli innlend. Þetta hefur stutt við innlend fyrirtæki sem mörg fundu fyrir verulegum tekjusamdrætti sökum fækkunar ferðamanna. Hlutabætur og framlenging tekjutengdra atvinnuleysisbóta hefur einnig stutt við einkaneyslu þeirra sem misst hafa vinnu vegna faraldursins.

## Samneysla jókst milli ára

Samneyslan jókst um 3,1% að raungildi milli ára. Það er töluvert minni aukning en hefur verið síðustu tvö ár, en samneyslan jókst um 4,7% á árinu 2018 og 3,9% í 2019. Miðað við mikið álag á hina ýmsu þætti samneyslunnar hefði kannski mátt ætla að samneyslan hefði aukist meira í fyrra. Við spáðum 3,5% aukningu samneyslu í október.

## Atvinnuvegafjárfesting dróst saman milli ára


Atvinnuvegafjárfesting dróst saman um 8,7% milli ára. Fjármunamyndun í stóriðju og tengdum greinum dróst saman um 22,4%, fjárfesting í skipum og flugvélum jókst um 100% en önnur atvinnuvegafjárfesting dróst saman um 10,5%.

Mikil aukning í fjárfestingu í skipum og flugvélum milli ára er að miklu leyti vegna grunnáhrifa, en 2019 seldi WOW air fjórar flugvélar til Air Canada, og sú sala kom til frádráttar fjárfestingu það árið.

## Kraftmikil íbúðafjárfesting


Í spá okkar í október gerðum við ráð fyrir að íbúðafjárfesting drægist talsvert saman enda bentu margar skammtíavísibendingar til þess að samdráttur væri orðinn nokkur. Niðurstaðan er hins vegar sú að íbúðafjárfesting var álíka kraftmikil í fyrra og árið 2019 sem var sterkasta ár íbúðafjárfestingar síðan 2007.

## Helstu undirliðir




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

## Einkaneysla



Greiðslukortavelta í verslun héraendis raunvirt með VNV án húsnæðis. Velta erlendis raunvirt með vísitölu meðalgengis. Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

## Fjármunamyndun og framlag undirliða



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild



Fram kemur í fréttatilkynningu frá Hagstofunni að fullbúnar íbúðir sem skiluðu sér á markað í fyrra hafi verið um 4.000 og hafa ekki verið fleiri síðan 2007. Samdráttur sé þó í fjölda íbúða sem eru á fyrstu byggingarstigum og viðbúið að það hægi á fjölgun íbúða á næstunni þannig að sveiflur í íbúðafjárfestingu haldi áfram að vera miklar.

### Samdráttur í opinberri fjárfestingu skýtur mjög skökku við

Opinber fjárfesting dróst saman um 9,3% í fyrra. Er það annað árið í röð sem opinber fjárfesting minnkar, en samdrátturinn var 10,8% á árinu 2019. Þessi niðurstaða skýtur mjög skökku við miðað við samþykkt útgjöld til fjárfestinga í fjárlögum og fjárákálögum og yfirlýsingar ráðamanna um að ríkissjóður tæki öflugan þátt í fjárfestinum á sama tíma og fjárfesting atvinnuveganna væri í lágmarki.

Það liggur nokkuð ljóst fyrir að opinberir aðilar hafa verið óundirbúnir fyrir mikil fjárfestingaráttök og vanmetið hversu langan tíma tekur að koma verkefnum af stað. Í ljósi samþykktra heimilda til opinberra fjárfestinga höfðum við gert ráð fyrir 20% aukningu opinberrar fjárfestingar í fyrra. Það er hins vegar líklegt að þau verkefni sem stefnt var að því að setja af stað fari að raungerast. Því má búast við mikilli aukningu opinberrar fjárfestingar á næstu misserum þannig að um verði að ræða hliðrun í tíma.


### Langmesti samdráttur í útflutningi frá upphafi

Útflutningur dróst saman um 30,5%. Þetta er langmesti samdráttur milli ára sem mælst hefur. Mestu samdráttarárin þar áður voru árið 1949, um 13,0%, og 1967, þegar samdráttur nam 12,7%.

Eins og við var að búast vóg samdráttur í útflutningi mjög mikið til lækkunar á landsframleiðslunni, en framlag þessa liðar var neikvætt um 13,5 prósentustig. Á móti vegur að framlag samdráttar í innflutningi var jákvætt um 8,7 prósentustig. Samantekið var framlag utanríkisverslunar til breytingar á VLF 4,9 prósentustig til lækkunar.


Mun meiri breyting var á inn- og útflutningi á þjónustu en á vörum. Þannig dróst útflutt þjónusta saman um 46,3% og innflutt þjónusta um 31,1%. Einungis 3,8% samdráttur mældist í vöruútflutningi og 5,3% samdráttur í vöruinnflutningi.

### Utanríkisviðskipti



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

### Útflutningur



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraeideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.